



Kópavogi, 22. ágúst 2025
25081309/999.00 IÝP

Efni: Svar við fyrirspurn um Barnaskóla Kársness

Þann 17. ágúst barst frá Maríu Ellen Steingrímsdóttur, áheyrnarfulltrúa Viðreisnar, ósk um upplýsingar um það hvort Barnaskóli Kársness verði tilbúinn þegar til stendur að hefja skólastarf á þessu hausti.

Skólasetning var eftir hádegið mánudaginn 25. ágúst og skólahúsnæðið var tilbúið fyrir grunnskólabörn þannig að hægt væri að hefja þar kennslu.

Fyrsti skóladagur var þriðjudaginn 26. ágúst og hófst hann samkvæmt stundaskrá. Nemendur í Barnaskóla Kársness munu fá 180 skóladaga eins og gert er ráð fyrir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 28. gr.

Þegar skólastarfið hófst var frístundin komin í húsnæði skólans. Sumardvöl í ágúst var í íþróttahúsi skólans á meðan verið var að ljúka frágangi við húsnæði frístundar í skólabyggingunni.

Skólamaturlausn var aðkeyptur fyrstu vikuna og því gegndi eldhúsið í húsnæði skólans hlutverki móttökueldhúss þá viku.

Allar umsjónarstofur fyrir almenna kennslu voru tilbúnar eftir hádegið mánudaginn 25. ágúst þegar skólasetning fór fram. Verið er að ljúka vinnu við list- og verkgreinastofur og munu þeir kennarar þeirra námsgreina sinna kennslu annars staðar í húsnæðinu og/eða utan dyra.

Hafin er aðlögun fyrstu leikskólabarna í húsnæði skólans.

Efsti hluti grunnskólalóðar var tilbúinn til notkunar þriðjudaginn 26. ágúst þegar formlegt skólastarf hófst. Ófrágengin svæði á skólalóðinni voru vel afgirt á meðan unnið er að því að ljúka vinnu á þeim. Á neðsta hluta skólalóðar verður tímabundið útbúin lóð fyrir leikskólabörn að vera á þangað til þeirra lóð verður tilbúin í byrjun október.

Formleg vígsla á skólahúsnæðinu verður í október næstkomandi.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar